

Nd.

335. Frumvarp til laga

[179. mál]

um breyting á lögum nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

Aftan við 1. málsgrein 4. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:
Undanþegnir áhættugjaldi eru þó þeir, sem fá ríkisábyrgðir til byggingar íbúðarhúsa á vegum byggingarsamvinnufélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, var það nýmæli í lög tekið, að þeir, sem fengu ábyrgðir ríkissjóðs á lánum, urðu að gjalda fyrir það 1% af lánsfjárhæðinni, ef um einfalda ábyrgð var að ræða, en 1½%, ef um sjálfskuldarábyrgð var að ræða. Gjald þetta nefnist áhættugjald og rennur í ríkisábyrgðasjóð, sem stendur undir þeim útgjöldum, er ríkissjóður verður fyrir vegna ábyrgðar á lánum.

Um langt árabíl hafa félagsmenn í byggingarsamvinnufélögum getað fengið ríkisábyrgð á lánum úr lífeyrissjóðum. Reynslan hefur sýnt, að ríkissjóður hefur ekki orðið fyrir fjárhagstjóni af þeim ábyrgðum, og vafalaust mun svo verða áfram að óbreyttri framkvæmd þessara mála.

Hins vegar verða félagsmenn byggingarsamvinnufélaga, sem þessar ríkisábyrgðir fá, að greiða 1% áhættugjaldið eins og aðrir, sem fá einfalda ríkisábyrgð. Á þennan hátt eru þeir skattlagðir til þess að standa undir töpum, sem aðrir valda og þeir eiga engan þátt í að skapa.

Þegar það er enn fremur virt, að óðadýrtíð sú, sem nú ríkir, hefur á fáa lagzt með jafnmiklum þunga og húsbyggjendur, þá er með öllu óverjandi að halda þessari skattheimtu áfram.

Er því hér lagt til, að þeir, sem fá ríkisábyrgðir á lánum til byggingar íbúðarhúsa á vegum byggingarsamvinnufélaga, verði undanþegnir greiðslu áhættugjaldsins.